

Landsvirkjun  
Pétur Ingólfsson  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

2005070114  
7505; 9310

Reykjavík, 9. september 2005  
/--

### **Efni: Náma í Laugarfelli í Fljótsdalshreppi. Ákvörðun um matskyldu.**

Vísað er til erindis Landsvirkjunar dags. 26. júlí 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð efnistaka úr Laugarfelli í Fljótsdalshreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 2a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fljótsdalshreppi með bréfum dags. 12. ágúst og 7. september 2005, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 3. ágúst 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. ágúst 2005. Svör frá Landsvirkjun bárust með tölvupóstum dags. 25. ágúst og 8. september 2005.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að um sé að ræða efnistöku í suðurhlíðum Laugarfells á Fljótsdalsheiði og sé ætlunin að vinna þar kjarnaefni fyrir Ufsarstíflu. Efni í undirbyggingu Hraunavegar hafi verið tekið af sama svæði, fyrst árið 1992 við byggingu vegar í vesturhlíð Laugarfells og aftur nýlega við gerð framhalds þess vegar að Ufsarstíflu. Á vegum Landsvirkjunar hafi verið tekið alls um 15.000 m<sup>3</sup> á svæðinu. Fjarlægð fyrirhugaðs efnistökusvæðis frá Ufsarstíflu sé rúmir 6 kílómetrar eftir Hraunavegi. Fram kemur að fyrirhuguð efnistaka sé á um 25-30.000 m<sup>2</sup> svæði neðst í hlíðum Laugarfells á eldra námusvæði og austur eftir hlíðinni og sé áætlað efnismagn um 80.000 m<sup>3</sup>. Stefnt sé að því að vinna námuna á þann hátt að í stað hjalla í hlíðinni myndist aflíðandi svæði sem afvatnist á eðlilegan hátt. Fram kemur að tilsvarendi efni sé að finna í jökulöldum vestan við Hölná um 3 kílómetra fyrir norðan Kárahnjúkaveg. Leggja þyrfti námuveg að Kárahnjúkavegi samsvarandi vegalengd og flytja síðan

efnið um 9 kílómetra leið eftir Kárahnjúkavegi og Hraunavegi í vesturhlíð Laugarfells og áfram í stífluna. Kostnaður við töku efnisins á þessum stað yrði umtalsvert meiri en úr námu í Laugarfelli vegna lengri aksturs, viðbótar vegagerðar og álags á Kárahnjúkaveg og Hraunaveg. Fram kemur að fyrirhugað námusvæði sé ógróið og að landslagsarkitekt verði fenginn til að gera tillögur að frágangi svæðisins að námuvinnslu lokinni, sem feli í sér nýtingarmöguleika þess til útivistar og þjónustu við ferðamenn. Ekki sé gert ráð fyrir efnistöku úr Laugarfelli í sérstöku svæðisskipulagi Kárahnjúkavirkjunar.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

Í umsögnum Fljótsdalshrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fljótsdalshrepps er bent á að umfangsmikil efnisvinnsla á þessum stað sé ekki samkvæmt gildandi skipulagsáætlunum og jafnframt að svæðið umhverfis Laugarfell sé ætlað til annarra landnota en efnistöku vegna virkjunarframkvæmda í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn telur ekki hægt að gera grein fyrir áhrifum námuvinnslunnar á það svæði sem ætlað sé sem þjónustu- og útivistarsvæði, nema flýtt verði deiliskipulagningu svæðisins alls, jafnframt því sem gerðar verði tímasettar áætlanir um uppbyggingu mannvirkja og aðstöðu. Í deiliskipulagsferli verði unnt að meta áhrif námuvinnslunnar og aðlaga hana að skipulagi og áætlunum um nýtingu og uppbyggingu svæðisins og þar með þurfi fyrirhuguð efnistaka ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum, þrátt fyrir að raskað svæði verði verulegt.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði sé á svæði sem raskað hafi verið að hluta til og hægt verði að standa þannig að efnistöku að ásætlanlegt sé út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Auðvelt eigi að vera að ganga frá námunni til suðurs og huga þyrfti að aðlögun námusvæðisins að landi austan og vestan námunnar. Æskilegt sé að vinna námuna eftir sniðum eins og þeim sem fylgdu með gögnum Landsvirkjunar, þar sem vinnsludýpi væri ákveðið til að tryggja að heildaryfirbragð svæðisins verði sem best að efnistöku lokinni.

Í svörum Landsvirkjunar eru ekki gerðar athugasemdir við umsagnir Fljótsdalshrepps og Umhverfisstofnunar.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða um 80.000 m<sup>3</sup> efnistöku neðst úr hlíðum Laugarfells í Fljótsdalshreppi á um 25-30.000 m<sup>2</sup> svæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að fyrirhuguðu efnistökusvæði hefur þegar verið raskað að hluta með efnistöku og að ekki er þörf á veglagningu í tengslum við framkvæmdina. Ljóst er að rask sem fylgir efnistöku mun hafa nokkur sjónræn áhrif á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur að með tilliti til vinnslufyrirkomulags og fyrirhugaðs frágangs svæðisins að efnistöku lokinni, sem kynnt eru í framlögðum gögnum, verði áhrif efnistökkunnar á ásjón svæðisins ekki veruleg. Fljótsdalshreppur hefur bent á að vinna þurfi deiliskipulag af Laugarfellssvæðinu m.a. til að aðlaga námuvinnsluna að áætlunum um nýtingu og uppbyggingu svæðisins sem þjónustu- og útivistarsvæðis.

Skipulagsstofnun telur jákvætt að unnið verði deiliskipulag af Laugarfellssvæðinu en bendir á að fyrst þarf að gera breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014 vegna efnistökusvæðisins. Auglýsa má breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulag samhliða.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsvirkjunar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að efnistaka úr Laugarfelli í Fljótsdalshreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leggja þarf fram áætlun um efnistöku, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. október 2005.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Fljótsdalshreppur, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Umhverfisstofnun.